Alþingi
Erindi nr. Þ 141/679
komudagur 22.11.2012

20. nóvember 2012
1211080

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum.

Hinn 8. nóvember 2012 sendi Alþingi Seðlabanka Íslands til umsagnar frumvarp til laga um sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum og óskaði jafnframt eftir því að Seðlabankinn kæmi á framfæri athugasemdum við frumvarpið.

Seðlabankinn er hlynntur því að settur sé skýr lagarammi um sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum en vill koma á framfæri eftirtöldum athugasemdum:

Almennar athugasemdir:

Þess þarf að gæta sérstaklega að sala á stórum eignarhlut (a.m.k. 5% af eiginfé) í fjármálafyrirtæki styrki fjármálakerfið. Því þarf að huga vel að kröfum sem gerðar verða til þeirra sem gætu eignast stóran hlut í fjármálafyrirtæki. Auk krafna um flekklausan starfsferil viðkomandi þarf að horfa til þess að eigandi svo stórs eignarhluta hafi fjárhagslega burði til þess að standa við bakið á viðkomandi fjármálafyrirtæki á erfiðum tímum.

Það skiptir miklu máli fyrir áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins, greiðslujöfnuð, gengi krónunnar og gjaldeyrisforða hvort kaupandi að stórum hlut í fjármálafyrirtækjum er innlendur eða erlendur. Það er mikilvægt að vandað sé til mats á þeim áhrifum áður en ákvarðanir varðandi sölu til tiltekinna kaupenda eru teknar.
Seðlabankinn leggur áherslu á að andvirði sölunnar verði ráðstafað til lækkunar skulda ríkissjóðs, en verði ekki varið til þess að fjármagna hallarekstur með slökun í aðhaldi í ríksfjármálum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

1. gr. Í fyrsta og öðrum tölulið fyrstu málsgreinar er tilgreint að heimild ráðherra til sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum nái til alls hlutar ríkisins í Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. Hér þarf að taka

fram að um er að ræða núverandi eignarhlut ríkisins sem er 13% í Arion banka hf. og 5% hlut í Íslandsbanka hf.

2. gr. Hér þyrfti að koma fram að ráðherra leiti umsagnar Seðlabankans um líkleg áhrif fyrirhugaðrar sölu eignarhlutar ríkisins á gjaldeyrismarkað, gjaldeyrisforða og laust fé í umferð. Upphæðir og tímasetningar sölunnar taki mið af því hvað Seðlabankinn metur raunhæft í þeim efnum að teknu tilliti til áhrifa á greiðslujöfnuð þjóðarbúsins.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til frekari athugasemda eftir að þingleg meðferð frumvarpsins er hafin.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Sigríður Benediktsdóttir
framkvæmdastjóri
fjármálastöðugleikasviðs